


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL303	Kennsluáætlun haustönn 2012
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, BEB, KRÁ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak fonrmálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fræðast um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfræðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og hluta Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungu.

Markmið:

Að nemandi

- rifji upp heimsmyndina sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungu
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar


Námsgögn:

- *Leiðslubók* e. Jón Árna Friðjónsson, frá 1997 og síðar
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút S. Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar
- *Egils saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1992 og síðar. Athugið að *Egla* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 20. ágúst – 21. september

Kynning á áfanganum og námsefninu. Stutt upprifjun á helstu frásagnarpáttum *Gylfaginningar* (*Leiðslubók* bls. 9 - 18). Farið verður í **eddukvæði** með megináherslu á Völuspá og Hávamál (*Ormurinn langi* bls. 7 – 70, *Leiðslubók* bls. 19 – 24). **Lotunni lýkur með 18% prófi.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL303	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2012	

2. lota 24. september - 12. október

Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum: Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Leiðslubók* bls. 24 – 28, *Ormurinn langi* bls. 91, 109, 111). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur. Einnig er fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi* bls. 141 – 156 og 171-176, *Leiðslubók* bls. 63 – 67).

Lotunni lýkur með 12 % prófi.

3. lota 15. október – 26. október

Upphaf ritunar og sagnabókmennta: Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, Íslendingaþætti, konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi* bls. 113 – 123 og 133-137, *Leiðslubók* bls. 29 – 62).

4. lota 29. október – 30. nóvember

Egla: Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar („Um Egils sögu“ bls. vii – xxxv) og farið yfir hana í áföngum. **Unnin verkefni með ýmsu móti en um miðjan nóvember verður lotupróf úr sögunni sem gildir 10% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr kvæðum af ýmsu tagi, auk <i>Leiðslubókar</i> (1. og 2. lota)	30%
Lotupróf úr <i>Egils sögu</i>	10%
Lokapróf annar (efni 3. og 4. lotu)	60%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.5 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils